



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
Reykjavík

Lögð fram tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um að afnema sumarlokanir á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs.

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 var lögð fram tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um að afnema sumarlokanir á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs en hafa þess í stað skerta opnunartíma í 3-4 vikur frá kl.10.00 til 14.00. Greinargerð fylgir tillögunni. Jafnframt lagt fram bréf frá hverfisráði Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 22. maí 2017.

Tillagan er samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við atkvæðagreiðsluna og leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja það gleðilegt að ekki verði af sumarlokunum á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs. Hins vegar er enn gert ráð fyrir að þjónustan verði skert og því sitja þeir hjá. Þjónusta við aldraða á að vera algjört forgangsmál og ekki er hægt að skilja af hverju meirihlutinn í borginni tekur ekki undir þá stefnu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 var farið í umfangsmiklar hagræðingar hjá Reykjavíkurborg. Ein aðgerðin sem farið var í á árunum eftir hrun var að loka 5 af 16 mötuneytum á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs í um 4 vikur á sumrin og vísa fólki á hin 11 mötuneytin eða bjóða því heimsendan mat. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að taka til baka sumarlokanir á félagsmiðstöðvunum fimm og hafa opið í mötuneytum félagsmiðstöðvanna frá kl. 10-14. Það vekur furðu að fulltrúar Sjálfstæðismanna styðji ekki þá tillögu þar sem þau fluttu tillögu þessa efnis í borgarstjórn fyrir tveimur dögum.

Tillagan var send borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,


Berglind Magnúsdóttir
skrifstofustjóri



Tillaga

Velferðarráð samþykkir að afnema sumarlokanir á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs en hafa þess í stað skertan opnunartíma í 3-4 vikur frá kl. 10:00 – 14:00.

Greinargerð

Undanfarin ár hafa nokkrar félagsmiðstöðvar velferðarsviðs verið lokaðar í 4 vikur á sumri. Nokkrar félagsmiðstöðvar hafa verið með skertan opnunartíma þ.e.a.s. verið með opið á milli kl. 10:00 – 14:00 og nokkrar hafa verið með óskertan opnunartíma. Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir félagsmiðstöðvar og opnunartíma þeirra sumarið 2017.

Sumarið 2017 er áætlað að fimm félagsmiðstöðvar loki í 4 -5 vikur hver (einnig verður lokað í 10 daga í félagsmiðstöðinni Aflagranda vegna framkvæmda), þrjár félagsmiðstöðvar verði með skertan opnunartíma í 3 – 4 vikur og átta félagsmiðstöðvar verði með óbreyttan opnunartíma. Notendaráð félagsmiðstöðvanna og hverfaráð hafa mótmælt lokunum á félagsmiðstöðunum og óska eftir því að sumarlokanir verði endurskoðaðar. Með því að afnema sumarlokanir en hafa þess í stað skertan opnunartíma yfir hádegið er hægt að framreiða hádegismat.

Áætlaður kostnaður við að hafa skertan opnunartíma í þeim fimm félagsmiðstöðvum sem annars væru lokaðar er kr. 2.718.205. Lagt er til að velferðarráð samþykki að afnema sumarlokanir og hafa skertan opnunartíma, að því gefnu að það takist að ráða starfsfólk.

Breytingar á opnunartíma félagsmiðstöðva sumarið 2017

Félagsmiðstöð	Skertur opnunartími	Tímabil	Lokað	Óbreyttur opnunartími	Athugasemdir
Hæðargarður 31			03.07 - 31.07		
Sléttuvegur 10			10.07 - 04.08		
Dalbraut 18-20			10.07 - 04.08		
Rólstaðarhlíð 43			10.07 - 04.08		
Hraunibær 105			08.07 - 08.08		Félagsmiðstöðin er rekin af fristundamiðstöðinni Arsel
Aflagrandi			10.07 - 19.07		v. framkvæmda - skipta um gólfúak o.þ.
Aflagrandi	10:00 - 14:00	20.07 - 11.08			félagsstarf liggur niðri nema opin vinnustofa
Borgir, Spönginni	10:00 - 14:00	10.07 - 07.08			Helur gengið mjög vel og almennt ánægja
Gerðuberg	10:00 - 14:00	júlí			Ekki mótt.öldhús. Hóparmir hjá okkur eru flestir síðfærir og er fjálist að koma allt sumaríð
Langahlíð				X	
Vitatorð				X	
Vesturgata 7				X	Félagsstarfi í gangi með breyttum áherslum
Norrúbrún 1				X	Smíðastofa lokar 15/6 til 8/8 og handavinna í júlí og fram í ágúst. Mbgul. röskun á alm. félagsstarfi 6/7 til 7/8
Dalbraut 27				X	
Hvassaleiti 56-58				X	
Furugerði 1				X	
Árskógar				X	



Reykjavíkurborg



Þjónustumiðstöð
Laugardals og Háaleitis

Reykjavík, 22. maí 2017

Velferðarráð Reykjavíkurborgar
b.t. Ilmar Kristjánsdóttur, formanns
Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu
101 Reykjavík

Á 156. fundi hverfisráðs Háaleitis- og Bústaða, sem haldinn var mánud. 22. maí 2017 fór fram umræða um sumarlokanir í félagsstarfi fullorðinna og gerð eftirfarandi bókun.

Í framhaldi af bókun notendaráðs/Æðstaráðs og könnun sem gerð var í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31 hvetur hverfisráðið borgarráð og velferðarráð til að endurskoða sumarlokanir í félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Þessu er hér með komið á framfæri.

F.h. hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis
Sigtryggur Jónsson,

SKJALAVER HÖFÐATORGI
26. MAÍ 2017
Málsnr.: <u>VEL-2017050035</u>
Bréfalykill: <u>5.11</u>

